

# Lions á Íslandi 40 ára

FJÖRUTÍU ár eru í dag, miðvikudag, liðin frá því fyrsti Lionsklúb-  
burinn var stofnaður hér á landi. Magnús Kjaran var aðal hvata-  
maður að stofnun Lionsklúbbs Reykjavíkur. Nú, 40 árum síðar,  
eru um 3.300 Lions-, Lionessur og Leofélagar í Lionsfjölskyld-  
unni, eins og Lionsmenn nefna oft allan hópinn. Hér eru bæði  
konur og karlar á öllum aldri úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Í  
dag verður afmælisdagskrá í tilefni dagsins.

Aðal kjörorð hreyfingarinnar er „Við leggjum lið“, þar sem félag-  
arnir standa vörð um þá sem minna  
mega sín í þjóðfélaginu auk þess  
að láta sig alls kyns umhverfis- og  
þjóðfélagsmál varða. Má hér t.d.  
nefna landgræðslu og trjárækt.  
Klúbbar um allt land hafa „tekið í  
föstur“ gróðurreitir eða lönd þar sem  
þeir hyggjast rækta upp á afmælis-  
árinu. Mun hver Lionsfélagi gróður-  
setja 40 birkitré, eða eitt fyrir hvert  
ár. Þá hafa Lionsfélagar á Norður-  
löndunum safnað birkiþræi, sem nú  
er í ræktun hér á landi.

Hreyfingin hefur unnið mikið að  
alls kyns vímuvörnum. M.a. hefur  
námsfénið „Lions Quest“ sem ber  
íslenska heitið „Tökum á tilver-  
unni“ verið tekið upp í grunnskólum  
landsins.

Fyrsti laugardagurinn í maí ár  
hvert hefur undanfarin 5 ár verið  
sannorrænn baráttudagur Lions  
fyrir vímuvörnum.

Rauða fjöðrin er sennilega eitt  
þekktasta fjáröflunarverkefni  
hreyfingarinnar, enda á landsvett-  
vangi. Rauða fjöðrin var fyrst seld  
árið 1972 og hefur verið seld að

jafnaði á 4ra ára fresti síðan. Söfn-  
unarfé Rauðu fjaðrarinnar hefur  
verið varið til alls kyns stórra verk-  
efna, s.s. kaupa á tækjum fyrir  
heyrnardeild Borgarspítalans, upp-  
setningar augndeildarinnar á  
Landakotsspítala, kaupa á línu-  
hraðli á Krabbameinsdeild Lands-  
spítalans og síðast en ekki síst var  
söfnunarfé Rauðu fjaðrarinnar var-  
ið til byggingar á heimili fyrir fjöl-  
fatlað ungt fólk að Reykjalundi.  
Þetta heimili mun vista 7 einstak-  
linga. Nú stýttist óðum í að heimilið  
verið tekið í notkun.

Afmælisdagskrá Lionshreyfing-  
arinnar verður fjölbreytt. Til heið-  
urs íslensku Lionsfólki mun alþjóða-

forseti hreyfingarinnar, Donald E.  
Banker, og kona hans, Diana, verða  
viðstödd afmælishátíðina. Á sjálfum  
afmælisdeginum í dag, verður  
hátíðarmessa kl. 12.00 í Neskirku,  
þar sem Hr. Ólafur Skúlason pred-  
ikar. Eftir messu verður gengið að  
leiði Magnúsar Kjaran, stofnanda  
Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Að  
lokum verður sérstakur hátíðar-  
fundur í Lionsheimilinu í umsjá Li-  
onsklúbbs Reykjavíkur.

Laugardaginn 17. ágúst verður  
síðan hátíðarfundur í Háskólabíói  
með fjölbreyttri dagskrá. Afmælis-  
hátíðinni lýkur síðan um kvöldið  
með afmælisballi í Súlnasal Hótel  
Sögu.

Reiknað er með góðri þátttöku  
Lionsfélaga frá hinum ýmsu klúb-  
bum landsins auk erlendra gesta frá  
öllum Norðurlöndunum ásamt al-  
þjóðaforsætahjónunum, segir í  
fréttatilkynningu frá Lions.

## Ráðstefna um íslensk- ar fornþókmennir

Gautaborg. Frá Sigrúnu Davíðsdóttur fréttaritara Morgunblaðsins.

ÁTTUNDA alþjóðlega ráðstef-  
nan um íslenskar fornþókmennir  
stendur nú yfir í Gautaborg og

lýkur henni 17. ágúst. Ráðstef-  
nan er haldin á vegum háskólans  
í Gautaborg og það er prófessor  
Lars Lönnroth, sem hefur haft  
umsjón með undirbúningi henn-  
ar. Einnig hefur Kristinn Jó-  
hannsson sendikennari tekið þátt  
í því starfi ásamt fleiri heima-  
mönnum. Ráðstefnuhaldið er  
reyndar síðasta embættisverk  
Lönnroths, sem er nýtekinn við  
sem menningarráðgjafi við  
Svenska Dagbladet.

Meginefni ráðstefnunnar er mót-  
taka Íslendingasagna, bæði fyrr og  
síðar. Þar verða fluttir 75 fyrirlestr-  
ar, sem tengjast meginefni ráð-  
stefnunnar, auk þriggja almennra  
fyrirlestra. Hana sækja um 250  
mann frá nítján löndum, þar af  
sautján frá Íslandi. Í þetta sinn eru  
övenjumargir þátttakendur frá  
Austur-Evrópu, auk þess sem fjöldi  
þátttakenda frá Ítalíu kemur á  
óvart, hvorki meira né minna en  
nítján manns.



an af hljómplötum, þar af þrjár  
undir eigin nafni. Hin síðasta þeirra,  
Gling-Gló, varð fyrsta gullplatan  
með íslenski jassónlist.

Guðmundur Ingólfsson var  
tvíkvæntur. Fyrri kona hans var  
Helga Sigbórsdóttir og eignuðust  
þau eitt barn. Síðari kona Guð-  
mundar var Birna Þórðardóttir og  
eignuðust þau tvö börn.

## Guðmundur Ingólfs- son píanóleikari látinn

GUÐMUNDUR Ingólfsson píanó-  
leikari lést í Reykjavík á mánu-  
dag. Hann var fæddur í  
Reykjavík 5. júní 1939, sonur  
hjónanna Oddfríðar Sæmunds-  
dóttur og Ingólfs Sveinssonar.

Guðmundur byrjaði kornungur  
að læra píanóleik hjá Rögvaldi  
Sigurjónssyni og að loknu námi hér  
heima hélt hann til Danmerkur til  
framhaldsnáms hjá Axel Arnfjörð.

Í Danmörku byrjaði Guðmundur  
að leika jassónlist og varð með  
árunum einn þekktasti jassónlist-  
armaður Íslendinga. Eftir heim-  
komuna frá Danmörku lék Guð-  
mundur með ýmsum jassuveitum,  
meðal annars hljómsveitum Gunn-  
ars Ormslev og Jóns Páls Bjarna-  
sonar.

Guðmundur dvaldi og starfaði  
tvívegis í Noregi. Í fyrri sinnið árið  
1962 en þá lék hann um tíma með  
kvartett jassleikarans Dexter Gor-  
don. Guðmundur dvaldist aftur í  
Noregi á árunum 1974 til 1977 en  
kom þá alkomin heim og starfaði  
eftir það lengst af í eigin tríóum  
og kvartettum. Eftir heimkomuna  
1977 hófst samvinna hans og Guð-  
mundar Steingrímssonar trommu-  
leikara, en saman hafa þeir fostað  
flesta þá íslenska jassónlistarmenn  
sem síðan hafa haslað sér völl.

Guðmundur lék inn á fjöldan all-

### Kennarabraut • Macintosh

Ritvinnsla, gagnasöfnun, töflureiknir og stýrikerfi.  
Sérnsiðin ágústnámskeið fyrir kennara!

7.-15. ágúst kl. 13-16 og 19.-28. ágúst kl. 13-16.

Tölvu- og verkfræðipjónustan  
Grensásvegi 16 - fimm ár í forystu

Lægra verð í  
ágúst!!!



Morgunblaðið/Reynir Ragnarsson

Þessi mynd var tekin af Eldvatnsbrú við Ása á mánudag.

## Skaftá í rénun

SKAFTÁ er nú í rénun eftir hlaupið sem verið hefur í henni  
undanfarna daga. Kunnugir telja þetta hlaup hafa verið í  
minni kantinum, en þegar það náði hámarki var vatnsrennslíð  
um 1.140 rúmmetrar á sekúndu.

Skemmdir á mannvirkjum af  
völdum hlaupsins urðu með  
minnsta móti, aðeins vegurinn  
inn í Skaftárdal fór í sundur,  
og verður gert við hann strax  
og ástand árinna kemst í eðli-  
legt horf. Að sögn Oddnýar S.

Gunnarsdóttur húsfreyju í  
Hvammi má búast við að rennslí-  
ð muni verða nánast eðlilegt  
einhvern tímann á morgun en  
þegar í gær var Oddný farin að  
sjá nokkra minnkun á ánni.

### Ísafjörður:

## Lagt hald á net og laxa

LÖGREGLAN á Ísafirði lagði hald á 2 net og 16 laxa í fyrrinótt.  
Laxarnir voru fangaðir í net í Seljalandsá í botni Álftafjarðar.

Að sögn Jónmundar Kjartans-  
sonar aðstoðaryfir lögregluþjóns  
hjá lögreglunni á Ísafirði var lög-  
reglan á leiðinni í Álftafjörð á mið-  
nætti í fyrrinótt til að huga að  
netalögnum. Við Svarthamra  
stöðvaði hún bíl sem í voru kona  
og 2 karlar á leið úr botni Álfta-

fjarðar. Að fengnu leyfi var leitað  
í bílnum og fundust 15 laxar og  
net í farangursrými bílsins.


Í Seljalandsá fannst annað net  
og var einn lax fangaður í það.  
Lögreglan lagði hald á net og afla  
meðan málið er í rannsókn.



### RAFKNÚNAR DÆLUR 0,5 til 3,0 hp.

Hringrásardælur, brunndælur,  
sjóðælur úr kopar, neyslu-  
vatnsdælur með jöfnunarkút,  
djúpvatnsdælur og fleiri  
útfærslur.

Úrvalsvara á ótrúlega  
lágu verði.



**VÉLASALAN H.F.**

ÁNANAUST 1, REYKJAVÍK. SÍMI 91-26122

## SIEMENS

Litlu raftækin frá SIEMENS  
gleðja augað!

Kaffivélar, hrærvélar, brauðristar, vofflujárn,  
strokjárn, handþeytarar, eggjaseyðar,  
hraðsuðukönnur, áleggshnifar, veggklukkur,  
vekjaraklukkur, djúpselkingarpottar o.m.fl.



**SMITH &  
NORLAND**  
Nóatúni 4 - Sími 28300